Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

18. árg. 2009 2. tbl.

Opinn skógur í Ásabrekku

Gróðursetning á Vindheimum

40 ára afmæli Skógræktarfélags Kópavogs

Flora Islandica

Skógar- og útivistardagur fjölskyldunnar hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar

Atvinnuátak Skógræktarfélags Íslands – Græn framtíðarsýn

Atvinnuátak ungs fólks í Garðabæ

Skógardagurinn mikli á Hallormsstað

Barnahornið

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra gróðursetti fallega reyniplöntu í skóginum, með aðstoð skógardísa úr Ásahreppi (Mynd: BJ).

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra býr sig undir að klippa á borða, með aðstoð Magnúsar Gunnarssonar, formanns Skógræktarfélag Íslands, og opna þar með leið inn í skóginn að Ásabrekku (Mynd: RF).

Opinn skógur í Ásabrekku

Laugardaginn 4. júlí var skógurinn í Ásabrekku í Ásahreppi, sem er í umsjá Skógræktarfélags Rangæinga, opnaður formlega fyrir almenning. Verkefnið Opinn skógur miðar að því að gera skógarsvæði skógræktarfélaganna í landinu aðgengileg og hafa tíu skógar verið opnaðir undir merkjum Opins skógar.

Á annað hundrað manns mættu á opnunina, í blíðskaparveðri. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hóf athöfnina með gróðursetningu reyniplöntu, með aðstoð blómarósa úr Ásahreppi, en svo tók Kirkjukór Kálfholtskirkju tvö lög. Því næst opnaði Svandís skóginn formlega með því að klippa á borða yfir stíg inn í skóginn og ávarpi. Í ávarpi sínu kom hún meðal annars inn á mikilvægi áningarstaða eins og Ásabrekku, nú þegar Íslendingar væru farnir að huga meira að ferðalögum innanlands. Á eftir Svandísi fluttu ávörp Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Sigríður Heiðmundsdóttir, formaður Skógræktarfélags Rangæinga og Eydís Indriðadóttir, oddviti Ásahrepps.

Að ávörpum loknum var efnt til ratleiks í skóginum fyrir yngri gestina (og unga í anda). Sigurvegarar ratleiksins fengu bakka af fallegu rifsi í verðlaun, en allir ungir þátttakendur í hlaupinu fengu snotra trjáplöntu að gjöf. Athöfninni lauk svo með veitingum í boði Kvenfélags Ásahrepps og harmonikkuleik, auk þess sem Kirkjukórinn tók tvö lög til viðbótar.

Ýmislegt var gert í Ásabrekku til undirbúnings opnunarinnar. Skógurinn var grisjaður, sett upp fræðsluskilti með upplýsingum um skóginn og trjátegundir innan hans, lagðir stígar og sett upp borð og bekkir. Ásabrekka naut einnig góðs stuðnings Vegagerðarinnar, sem sá um að útbúa bílastæði og laga veginn að skóginum, en verkefnið Opinn skógur er einnig almennt stutt af Avant og Olís.

Til gamans má geta þess að tveir af fimm fyrstu stjórnarmönnum skógræktardeildar Ásahrepps, er var stofnuð eftir messu í Kálfholti árið 1954, mættu á opnunina og voru það Trausti Runólfsson frá Berustöðum og Gísli Ástgeirsson á Syðri-Hömrum.

Þátttakendur í ratleik í skóginum í Ásabrekku, með trjáplönturnar sínar (Mynd: RF).

Tveir af forvígismönnum skógarins í Ásabrekku, Trausti Runólfsson frá Berustöðum og Gísli Ástgeirsson á Syðri-Hömrum (Mynd: Þorsteinn Jónsson).

Gróðursetning á Vindheimum

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir eftirminnilegri ferð til Kamtsjatka-skagans í Síberíu síðast liðið haust, til að kynnast skógum og landslagi þar. Um undirbúning ferðarinnar í Rússlandi sá Pétur Óli Pétursson, sem einnig skipulagði ferð Skógræktarfélagsins til Arkhangelsk og St. Pétursborgar árið 2006. Í lok þeirrar ferðar voru Pétri Óla færðar plöntur að gjöf, sem þakklætisvott fyrir aðstoðina, og komu ferðalangar úr þeirri ferð saman á Vindheimum í Skagafirði sumarið 2007, en þangað á Pétur ættir að rekja og gróðursettu plönturnar.

Þótti þetta vel heppnaður „lokapunktur“ á ferðinni og var því ákveðið að blása aftur til gróðursetningar eftir ferðina til Kamtsjatka. Laugardaginn 11. júlí mættu því rúmlega tuttugu ferðalangar úr báðum Rússlandsferðunum á Vindheima í gróðursetningu og settu niður birki, elri, reyni, ösp og greni. Eins og tveimur árum fyrr tók Skagafjörður vel á móti gróðursetjurum, með einmuna veðurblíðu.

Að lokinni gróðursetningu, áburðargjöf og vökvun bauð Pétur Óli svo öllum í grillveislu, þar sem fólk skemmti sér og öðrum við að rifja upp ferðirnar til Rússlands og ræða landsins gagn og nauðsynjar.

Að gróðursetningu lokinni var boðið upp á grillað skagfirskt lambalæri. Magnús Pétursson, bróðir Péturs Óla, framreiðir kjötið fagmannlega ofan í svanga gróðursetjarana (Mynd: RF).

Ólöf Björnsdóttir, Magnús Árnason og Ólafur Guðmundsson hjálpast að við gróðursetninguna (Mynd: RF).

Guðríður Helgadóttir færir Pétri Óla síberískt baunatré að gjöf, ræktað upp af fræi sem hún safnaði í Arkhangelsk í ferðinni árið 2006 (Mynd: RF).

40 ára afmæli Skógræktarfélags Kópavogs

Fimmtudaginn 25. júní hélt Skógræktarfélag Kópavogs afmælisfund í Guðmundarlundi í tilefni 40 ára afmælis félagsins. Hófst fundurinn á söng stúlkna úr Skólakór Kársness. Bragi Michaelsson, formaður Skógræktarfélags Kópavogs, setti því næst fundinn. Í ávarpi sínu minntist Bragi frumkvöðla félagsins og þá sérstaklega þeirra Guðmundar Jónssonar (sem Guðmundarlundur er nefndur eftir) og Hermanns Lundholms, garðyrkjuráðunautar Kópavogsbæjar í hartnær 30 ár, en búið er að útbúa sérstakan garð í Guðmundarlundi, sem ber nafn Hermanns, Hermannsgarður.

Þrír aðrir fluttu ávörp – Ármann Kr. Ólafsson, fulltrúi bæjarstjórnar Kópavogs, Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Garðyrkjufélags Íslands. Einnig færði Magnús Skógræktarfélagi Kópavogs að gjöf tvær litlar plöntur af purpurahlyn (Acer pseudoplatanus ´Purpureum´), sem ræktaðar eru upp af fræi af Tré ársins árið 2008.

Að ávörpum loknum var Hermannsgarður formlega vígður. Afhjúpuðu börn Hermanns upplýsingaskilti um Hermann og garðinn. Í Hermannsgarði eru plöntur úr garði Hermanns að Hlíðarvegi 45 en fluttar voru milli 120 og 130 plöntur, af um 100 mismunandi tegundum, og mun því Hermannsgarður verða skemmtilegt og áhugavert skoðunarefni alls garðyrkju-og ræktunaráhugafólks.

Því næst afhenti Magnús Gunnarsson Braga Michaelssyni skilti, sem sett verður upp í lundinum og markar hann sem hlið á Græna stígnum, en Græni stígurinn er stígur sem ætlað er að tengja saman útivistarsvæði á útjaðri höfuðborgarsvæðisins, á Græna treflinum svokallaða.

Bragi Michaelsson og Páll Magnússon, bæjarritari Kópavogsbæjar, skrifuðu svo undir lóðarleigusamning um Guðmundarlund, sem tekur meðal annars til lóðar fyrir nýtt hús, sem ætlunin er að nýta fyrir félags- og fræðslustarf Skógræktarfélags Kópavogs.

Börn Hermanns Lundholms afhjúpa skilti um Hermann í hinum nýja Hermannsgarði (Mynd: RF).

Eiríkur Páll Eiríksson, Bragi Michaelsson, Gunnsteinn Sigurðsson og Páll Magnússon fagna nýundirskrifuðum samningi (Mynd: BJ).

Flora Islandica

Árið 1983 gaf bókaforlagið Iðunn út bókina *Íslensk flóra með litmyndum* eftir Ágúst H. Bjarnason. Allar myndir í bókinni teiknaði Eggert Pétursson. Ritinu var ætlað að hjálpa almenningi að þekkja og greina plöntur í náttúru Íslands og það bætti úr brýnni þörf, því fræðilegir greiningarlyklar í eldri flórum þóttu of flóknir fyrir áhugafólk. Auðþekktasta einkenni háplantna er oftast liturinn og skiptu litmyndirnar því sköpum fyrir notin sem hafa mátti af bókinni. Litmyndir af íslenskum plöntum höfðu annars verið fáséðar í íslenskum grasafræðiritum. *Íslensk flóra með litmyndum* er handbók þeirra sem vilja læra að þekkja nöfn og einkenni plantna í íslenskri náttúru og útlit hennar og stærð miðast við það. Myndirnar voru iðulega smækkaðar til að rúmast betur á síðum bókarinnar og brot bókarinnar gefur því ekki rétta mynd af upprunalegum teikningunum Eggerts, sem allar voru unnar á A3 blöð.

Í bókinni *Flora Islandica* koma teikningar Eggerts í fyrsta sinn fyrir sjónir almennings í sinni raunverulegu stærð. Stærð blaðsíðna bókarinnar er hin sama og stærð upprunalegu teikniblaðanna. Hvert teikniblað er stök síða í bókinni og hvergi hvikað frá þeirri reglu. Þeim sem áhuga hafa á bókinni er bent á að hafa samband við útgefanda:

Crymogea, Barónsstíg 27, 101 Reykjavík, 899-7839, crymogea@crymogea.is

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

HÚSASMIÐJAN www.husa.is

POKASJÓÐUR

TOYOTA

blómaval heillandi heimur

já

olís OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF

AVANT

KAUÞING

Laufblaðið

Fréttablað, 18. árgangur 2. tölublað 2009.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélögunum.
Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:
Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:
Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2008:
Magnús Gunnarsson formaður,
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður,
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri,
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

Meðstjórnendur:
Gísli Eiríksson
Gunnlaugur Claessen
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:
Páll Ingþór Kristinsson
Rannveig Einarsdóttir
Vilhjálmur Lúðvíksson.

Skógar- og útivistardagur fjölskyldunnar hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar

Fjölmenni mætti til að taka þátt í Skógar- og útivistardegi fjölskyldunnar sem haldinn var laugardaginn 18. júlí í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur staðið að þessum degi í samstarfi við önnur félög sem eru með starfsemi sína í upplandi Hafnarfjarðar og hefur dagurinn verið ómissandi liður í sumarstarfi félagsins í rúmlega tvo áratugi.

Dagskráin hófst kl. 14.00 á ávarpi Jónatans Garðarssonar, formanns Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Síðan tók við helgistund í Bænalundi sem séra Gunnþór Þ. Ingason leiddi. Við athöfnina léku Sandra Jónsdóttir á fiðlu og Þórdís Gerður Jónsdóttir á selló.

Að helgistundinni lokinni var boðið upp á tveggja tíma skógargöngu að Selhöfða með leiðsögn. Börnin fengu kynningu á trjám og skógargróðri í gróðrastöðinni Þöll hjá Steinari Björgvinssyni og tóku þátt í skógarhappdrætti, sem nýtur jafnan mikilla vinsælda. Börnin gátu einnig farið á hestbak við Sörlastaði í boði Íshesta og hestamannafélagsins Sörla. Skátar í St. Georgsgildinu í Hafnarfirði voru með kaffi og vöflur í skála sínum Skátalundi undir Kjóadalshálsi við Hvaleyrarvatn, en einnig var boðið upp á kaffi og meðlæti í Selinu í Höfðaskógi fyrir þá sem komu þangað.

Jónatan Garðarsson sýnir gestum útikennslustofuna við Bænalund (Mynd: Árni Þórólfsson).

Við Hvaleyravatn var heitt í kolunum á þeim útigrillum sem þar eru og mættu margir með grillmat og nutu þess að hlusta á harmonikuleik Þórðar Marteinssonar.

Margir nýttu tækifærið og gengu eftir fjölbreyttum stígum sem eru víða í Höfðaskógi, skoðuðu trjásafnið sem er með yfir 200 tegundum trjáa og runna og litu á Rósagarðinn í Húshöfða sem er með yfir 100 rósa-yrkjum. Blíðskaparveður var og náði hitinn hátt í 20 gráður. Notuðu sumir tækifærið til að vaða í Hvaleyrarvatni og kæla sig í sumarhitanum en aðrir nutu sólar í fallegu rjóðri og hlustuðu á fuglasönginn í skóginum.

Göngugarpar á Selatanga sunnan við Hvaleyrarvatn þar sem eru rústir sela, meðal annars frá Ási og Hvaley (Mynd: Árni Þórólfsson).

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík
Brim hf, Bræðraborgarstíg 16
Raftíðni ehf, Eyjarslóð 3
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
Fasteignamarkaður-
inn ehf, Óðinsgötu 4
Húsaklæðning ehf, Hólmaslóð 2
Reykjavíkurborg/ Umhverfis- og
samgöngusvið, Ráðhúsinu
Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
Nexus afþreying ehf,
Hverfisgötu 103
Fiskmarkaðurinn veitingahús,
Aðalstræti 12
Gjögur hf, Kringlunni 7
Iceland Travel - Ferðaskrifstofan
VITA, Skútuvogi 13 a
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Lífland, Korngörðum 5
Eggert Kristjánsson hf,
Sundagörðum 4
Rolf Johansen & Co ehf,
Skútuvogi 10a
Skúlason og Jónsson ehf,
Skútuvogi 6
Alþýðusamband Íslands, www.asi.is,
Sætúni 1
Tjaldstæðið Laugardal,
sími 568-6944,
reykjavikcampsite.is
Verkfræðistofan VIK ehf,
Laugavegi 164
KPMG hf, Borgartúni 27
Garðyrkjuþjónustan ehf,
Skipholti 29b
Landvernd, Skúlatúni 6
Samiðn, Borgartúni 30
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs,
Skógarhlíð 14
BSR ehf, Skógarhlíð 18
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
Stepp ehf, Ármúla 32
Tölvu- og tækniþjónustan ehf,
Grensásvegi 8
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Oddgeir Gylfason, tannlæknir,
Síðumúla 28
Fjölbrautaskólinn við Ármúla,
Ármúla 12
Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
H. Hauksson ehf,
Suðurlandsbraut 48
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Merkismenn ehf, Ármúla 36
Reykjaprent ehf, Síðumúla 14,
2. hæð
Gullsmiðjan í Mjódd, Álfabakka 14b
Vélaverkstæðið Kistufell ehf,
Tangarhöfða 13
Samtök starfsmanna fjármála-
fyrirtækja, SSF, Nethyl 2e
Iðntré ehf, Draghálsi 10
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Ferðaþjónusta Þ.I.Þ. ehf,
Austurbergi 18
Loftstokkahreinsun.is s: 5670882,
Garðhúsum 6
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Innnes ehf, Fossaleyni 21
Vélamiðstöð ehf, Gufunesi
Sjávarútvegs- og landbúnaðar-
ráðuneyti, Skúlagötu 4

Kópavogur
Smári Guðmundsson skrúðgarð-
yrkjumeistari, Þinghólsbraut 1
Hvellur - G. Tómasson ehf,
Smiðjuvegi 30
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Kópavogsbær, Fannborg 2
MHG verslun, Akralind 4
Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19
dk hugbúnaður ehf., www.dk.is,
Hlíðasmára 17
Kambur ehf., kamburehf@simnet.is,
Geirlandi v/Suðurlandsveg
Eggja- og kjúklingabúið,
Elliðahvammi, Vatnsenda

Garðabær
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2
Manus ehf, Smiðsbúð 7
Þakmálun ehf, Skeiðarási 10
Raftækniþjónusta Trausta ehf,
Lyngási 14

Hafnarfjörður
Polarolje, solvjons@hive.is,
sími 6987999, Heiðvangi 26
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Ásklif ehf, Eskivöllum 7
Verkalýðsfélagið Hlíf,
Reykjavíkurvegi 64
Fura málmendurvinnslan ehf,
Hringhellu 3
Hvalur hf Hafnarfirði,
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð,
Gullhellu 1
Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
Alexander Ólafsson ehf, Álfhellu 1

Reykjanesbær,
Ásmundur Sigurðsson, vélsmiðja,
Grænási 2
Bókasafn Reykjanesbæjar,
Hafnargötu 57
Ístek ehf, Hólagötu 31
Nesprýði ehf, Vesturbraut 10-12
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga
á Suðurnesjum, Iðavöllum 12
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14

Grindavík
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12
Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a

Mosfellsbær
Vélsmiðjan Orri ehf, Flugumýri 10
SM kvótaþing ehf, Þverholti 2
Freki ehf, Brekkutanga 27
Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
Kjósarhreppur www.kjos.is, Ásgarði
Vélaleigan Þróttur, Ægisbraut 4
Skógræktarfélag Skilmannahrepps,
Furugrund 28
Skógræktarfélag Akraness,
Furugrund 28
GT Tækni ehf, Grundartanga

Borgarnes
Sæmundur Sigmundsson ehf,
Brákarey
Margrét Guðjónsdóttir, Dalsmynni
Laugaland hf, Laugalandi
Skorradalshreppur, Grund
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstöðum

Hellissandur
Sjávariðjan Rifi hf, Hafnargötu 8
Vélsmiðja Árna Jóns ehf,
Smiðjugötu 6
Skógræktar og landverndarfélag
undir Jökli

Ísafjörður
Guðrún Dagný Einarsdóttir,
Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar,
Hafnarstræti 1
Teiknistofan Eik ehf, Suðurgötu 12
Skógræktarfélag Ísafjarðar,
Seljalandsvegi 38
KNH ehf, Grænagarði
Ferðaþjónustan í Heydal s: 456
4824 www.heydalur.is, Mjóafjörður

Bolungarvík
Agnes M Sigurðardóttir,
Völusteinsstræti 16
Náttúrustofa Vestfjarða,
Aðalstræti 21

Súðavík
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3
Víkurbúðin ehf, Grundarstræti 1-3

Patreksfjörður
Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1
Skógræktarfélag Patreksfjarðar,
Sigtúni 7

Þingeyri
Skjólskógar á Vestfjörðum,
Aðalstræti 26

Kjörvogur
Hótel Djúpavík ehf, Árneshreppi

Sauðárkrókur
Leiðbeiningamiðstöðin, Aðalgötu 21
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Skagafjarðarveitur ehf,
Borgarteigi 15
Hólaskóli, Háskólinn á Hólum,
Hólum í Hjaltadal
Útgerðarfélagið Sæfari ehf, Hrauni

Varmahlíð
Akrahreppur Skagafirði,
Álftagerðisbræður ehf, Álftagerði

Siglufjörður
Skógræktarfélag Siglufjarðar,
Hafnartúni 2
Egilssíld ehf, Gránugötu 27

Akureyri
Girðir ehf, Hafnarstræti 82
Skógræktarfélag Eyfirðinga,
Kjarnaskógi
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Ísgát ehf, Lónsbakka
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b

Dalvík
Promens Dalvík, Gunnarsbraut 12

Ólafsfjörður
Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Húsavík
Garðvík ehf, Kringlumýri 2
Kvenfélag Húsavíkur

Laugar
Gistiheimilið Stóru Laugar
s: 464-2990, Stóru Laugum

Mývatn
Eldá ehf, Helluhrauni 15
Jarðböðin við Mývatn

Kópasker
Vökvaþjónusta Eyþórs ehf,
Bakkagötu 6

Egilsstaðir
Bílamálun Egilsstöðum ehf,
Fagradalsbraut 21-23
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Verkfræðistofa Austurlands ehf,
Kaupvangi 5
Héraðsskjalasafn Austfirðinga,
Laufskógum 1
Héraðsprent ehf, Miðvangi 1

Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstað-
ur, Hafnargötu 44

Eskifjörður
Fjarðaþrif ehf, Kirkjustíg 2
Skógræktarfélag Eskifjarðar,
Lambeyrarbraut 6

Neskaupstaður
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22
Pálmi Þór Stefánsson, Hafnarbraut 1
AFL - Starfsgreinafélag Austurlands,
Miðvangi 2-4
Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf,
Hafnarbraut 10

Breiðdalsvík
Jóhanna Sigurðardóttir, Ásvegi 19

Djúpivogur
Kvennasmiðjan ehf, Búð 1
Höfn í Hornafirði
Skinney - Þinganes hf, Krossey
Hornabrauð ehf, Dalbraut 10

Selfoss
Pípulagnir Helga ehf, Baugstjörn 17
Búnaðarsamband Suðurlands,
Austurvegi 1
S. G. Hús hf, Austurvegi 69
Búnaðarfélag Grafningshrepps,
Villingavatni
Þrastarlundur,
Halli parket ehf, Norðgötu 15
Ölur, skógræktarstöð, Sólheimum
Grímsnesi
Jóhann Helgi og Co ehf, Vatnsholti 2
Búnaðarfélag Bláskóga-
byggðar, Dalbraut 1

Hveragerði
Eldhestar ehf, Völlum
Ficus ehf, Bröttuhlíð 2
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði
www.hnlfi.is, Grænumörk 10

Hella
Vörufell ehf, Rangárbökkum 2

Hvolsvöllur
Steinasteinn ehf, Ormsvöllum 1
Bu.is ehf, Bakkakoti 1

Kirkjubæjarklaustur
Skógræktarfélagið Mörk,
Kirkjubæjarklaustri, Klausturvegur
Tjaldstæðið Kirkjubæ 2,
Kirkjubæjarklaustri

Stígagerð í Smalaholti í Garðabæ. (Mynd: Erla Bil Bjarnardóttir).

Ný heimasíða Skógræktarfélags Íslands

Ný og uppfærð heimasíða Skógræktarfélags Íslands var sett upp í júlí. Það var sannarlega kominn tími á yfirhalningu síðunnar, en engar meiriháttar breytingar hafa verið gerðar á útliti eða uppbyggingu hennar frá því að hún var fyrst opnuð árið 2000. Það segir sig sjálft að frá þeim tíma hafa orðið miklar almennar breytingar í vefheimum og ýmsir möguleikar í boði nú sem ekki voru áður.

Markmiðið með uppfærslunni var að gera útlit og umgjörð síðunnar alla einfaldari og þægilegri í notkun, bæði fyrir notendur og umsjónaraðila. Farið var í endurskoðun á uppbyggingu og efni síðunnar og betrumbætur á ýmsum þáttum hennar. Áfram er unnið að viðbótum við síðuna og mun ýmislegt efni tínast inn á hana þegar frá líður.

Vonum við að notendum líki nýja útlitið vel!

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, og Ragnhildur Freysteinsdóttir, ritstjóri vefsíðu, opna nýju síðuna formlega (Mynd: BJ).

Atvinnuátak Skógræktarfélags Íslands

Grænn framtíðarsýn

Þegar ljóst varð í lok árs 2008 að atvinnuleysi á Íslandi myndi að öllum líkindum stóraukast og verða viðvarandi næstu árin þá ákvað stjórn Skógræktarfélags Íslands að bregðast við ástandinu með því að leggja fram tillögur um mannaflafrek verkefni í tengslum við skógrækt.

Skógræktarfélag Íslands lagði fram tillögu sína til atvinnuátaksnefndar á vegum ríkisstjórnarinnar og var hún samþykkt í mars síðastliðnum. Í tillögunni felst að Skógræktarfélag Íslands muni leggja fram mannaflafrek verkefni við gróðursetningu, grisjun, stígagerð og almenna umhirðu skóga, með áherslu á landssvæði þar sem atvinnuleysi er mest. Starfsmenn eru ráðnir af sveitarfélögunum sem greiða launakostnað, en ríkið greiðir fyrir aðfangakostnað við verkefnin sem nemur ákveðinni upphæð fyrir hvern mannmánuð sem starfsmaður er ráðinn til verkefnisins. Verkefnið fékk einnig samþykki Vinnumálastofnunar sem atvinnuátaksverkefni, en í því felst að stofnunin muni greiða hluta af launakostnaði starfsmanna sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum og eru ráðnir í þetta átaksverkefni.

Verkefnið er á landsvísu og unnið á svæðum skógræktarfélaganna. Áætlað er að atvinnuátakið muni vara til ársins 2011 en þó er fjármagn aðeins veitt til eins árs í senn og þörfin endurskoðuð í lok hvers tímabils. Í ár hafa 19 sveitarfélög skrifað undir samninga um þátttöku sem nemur allt að 1000 mannmánuðum. Flest störfin eru unnin á tímabilinu júní – september en þó eru nokkur störf við grisjun sem munu vara lengur inn í veturinn.

Eitt stærsta einstaka verkefnið sem fellur undir atvinnuátakið er að gera Græna stíginn í upplandi höfuðborgarsvæðisins að veruleika. Möguleikarnir sem upplandið hefur upp á að bjóða í tengslum við lýðheilsu, ferðaþjónustu, samverustundir með fjölskyldunni og eflingu á ímynd höfuðborgarsvæðisins sem Grænnar borgar, eru óþrjótandi. Sem dæmi um möguleikana má nefna lautarferðir, rómantískar gönguferðir, hjólavagna, barnalestir, fjöllistahópa, markaðsdaga, keppnishlaup, örugga samgönguæð gangandi, hjólandi, eða hlaupandi fólks á milli sveitarfélaga, jólatréssölu, jólasveinasýningar og páskaeggjaleit, svo fátt eitt sé nefnt.

Með atvinnuátaki Skógræktarfélags Íslands hefur verið lagður grunnur að Græna stígnum með því að skapa störf við skógrækt inni á svæðum Græna trefilsins og þar með að undirbúa legu stígsins. Næstu skref eru að fylgja því eftir að stígurinn hljóti afgreiðslu skipulagsnefnda sveitarfélaganna og standa vonir til þess að á næsta sumri verði hægt að hefja framkvæmdir á þeim svæðum þar sem skipulagsmál hafa verið afgreidd.

Atvinnuátak ungs fólks í Garðabæ

Atvinnuátak ungs fólks var starfrækt í Garðabæ í júní og júlí, þar sem um 230 ungmenni fengu að takast á við fjölbreytt sumarstörf á vegum bæjarins, samkvæmt samstarfssamningi Skógræktarfélags Garðabæjar, Skógræktarfélags Íslands og Garðabæjar. Í því fólust störf fyrir 100 manns á skógræktar- og útivistarsvæðum Skógræktarfélags Garðabæjar og í Vífilsstaðahlíð innan Garðabæjar í umsjá Skógræktarfélags Reykjavíkur. Helstu verkefni voru ruslatínsla, niðurrif gamalla girðinga, hefting útbreiðslu lúpínu, áburðargjöf á trjáplöntur, kvistun greni og furu meðfram göngustígum í Vífilsstaðahlíð og síðast en ekki síst stígagerð. Einnig tóku ungmennin þátt í könnun undir vinnuheitinu Virði Heiðmerkur sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Rannsóknastöðvar skógræktarinnar á Mógilsá, Skógræktarfélags Reykjavíkur og landeigenda á Heiðmörk.

Stígagerð var stærsti verkþátturinn. Borið var ofan í eldri stíga á skógræktarsvæðum ofan bæjarins og í Vífilsstaðahlíð og lagðir voru nýir stígar í Smalaholti, fyrsta umsjónarsvæði skógræktarfélagsins. Á síðastliðnu ári voru innstígar og áningastaðir hannaðir af Hornsteinum ehf. í tilefni tuttugu ára afmælis félagsins. Þetta er verkefni til framtíðar að leggja útivistarstíga um Smalaholtið sem er mjög vinsælt til útivistar, þar skapast verkefni á vegum skógræktarfélagsins til næstu ára.

Nýjum og viðbættum gönguleiðum er alltaf fagnað af almenningi, en einnig er stígagerð skemmtilegt verkefni, þó það sé erfitt. Svo unga fólkið er kröftugt eftir sumarið og geta má þess að mikil vinnugleði einkenndi sumarstarfið, enda veðrið með eindæmum gott. (Mynd: Erla Bil Bjarnardóttir).

Víðmynd af mannfjöldanum á flötinni í Neðstareit, þar sem menn eru búnir að safnast saman til að horfa á keppnina í að kljúfa við og saga skífur.

Skógardagurinn mikli á Hallormsstað

Hann var nú haldinn í fimmta sinn 20. júní í blíðskaparveðri, sem alltaf hefir verið, síðan farið var að halda þessa hátíð skógarmanna á Héraði. Að hátíðinni standa Skógrækt ríkisins á Hallormsstað, Héraðs- og Austurlandsskógar og Félag skógarbænda á Héraði, en ýmsir aðiljar styrkja hana með fjárframlögum.

Kjarni hátíðarinnar er keppni í skógarhöggi og fimi að kljúfa eldivið-arkubba og saga skífur úr trjábölum. Auk þess er framin tónlist á palli og loks veitingar frambornar. Heill tuddi er glóðarsteiktur, sem er búinn að vera á teininum í meira en sólarhring yfir eldi. Skógarbændur ganga svo milli samkomugesta með bretti úr lerkiviði og bjóða þeim bita af tuddanum. Þeir bitar eru þáðir með miklum þökkum. Til hliðar við flat-irnar í Mörkinni er hitað ketilkaffi að hætti skógarmanna, og sötra menn það af mikilli tilfinningu.

Áætlað var af kunnugum, að um 1300 – 1500 manns hefðu sótt sam-komuna. (Myndir og texti: Sigurður Blöndal).

Söguð skífa af trjábol. Þarf að vera hnífjöfn að þykkt.

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

10-11 ...alltaf opið! www.10-11.is

RioTinto Alcan ISAL–STRAUMSVÍK

Barri hf. Skógræktarstöð
Egilsstöðum og Tumastöðum í Fljótshlíð
- www.barri.is

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

UST Umhverfisstofnun

ORMSSON

VÍNBÚÐIN

GARÐABÆR v/garðyrkjustjóra

NA NORÐURÁL Century ALUMINUM

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Grundartangi 1

LANDSNET

RST Net

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

SYTRA ehf

Fjallabyggð

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1

já

Efnamóttakan hf

North Sailing NORÐUR-SIGLING HVALASKOÐUN HÚSAVÍKUR

FJALLALAMB KÖPASKERI

KAUPPING

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skógræktarfélag Reykjavíkur
Elliðavatni - 110 Reykjavík
564-1770 - 893-2655
www.skograekt.is

BYKO

PRICEWATERHOUSECOOPERS

GRÓÐRARSTÖÐIN STORÐ
Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383 - stord@stord.is

Skógræktarfélag Borgfirðinga
Brúarlandi 2 - 310 Borgarnesi

IKEA®

FLOKKUN

GRÓÐRARSTÖÐIN Mörk

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

olís

Barnahornið



Krakkar!

Hjálpið skógarbirninum að rata að blómunum.

Allt fyrir haustverkin
í Blómavali

Þótt dagurinn styttist og haustið nálgast er enn hægt að njóta góðra stunda í garðinum. Á þessum árstíma fer að koma að því að við förum að sinna haustverkunum, setja niður haustlaukana og undirbúa garðinn fyrir veturinn þannig að hann verði enn betri á næsta vori. Þú finnur allt sem þarf fyrir haustverkin í garðinum hjá okkur, haustlaukana, áhöldin og góðar ráðleggingar fagmanna.

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind